

Námskrá fyrir meistaranám í menningarstjórnun

Gildir skólaárið 2019 - 2020



MA / MCM
Menningarstjórnun



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Nafn námskrár:

Meistaránám í menningarstjórnun, Viðbótarnám á meistarastigi í menningarstjórnun með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf

Tengiliður: Deildarforseti félagsvísinda- og lagadeildar

Lengd náms: Þrjár annir eða meira

Fjöldi eininga: MA nám: 90 ECTS, þrep 2.2. samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður 2011. MCM-nám: 90 ECTS, þrep 2.1. samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður 2011.

7. útgáfa, febrúar 2019

Efnisyfirlit

1. Almennt um meistaranám í menningarstjórnun.....	4
2. Kennslufræði	5
2.1. Námsmat.....	6
2.2. Vandinám.....	6
2.3. Starfsnám.....	7
2.4. Alþjóðlegt nám.....	7
3. Lærdómsviðmið: meistaranám í menningarstjórnun	8
3.1. Þekking.....	8
3.2. Leikni.....	8
3.3. Hæfni	8
4. Skipulag náms og námsframvinda	9
4.1. Skipulag náms	9
4.2. Námsframvinda í MA í menningarstjórnun – yfirlitstöflur	10
4.3. Námsframvinda í MCM í menningarstjórnun	10
5. Námskeiðslýsingar	11
321.6.0.MHAG Menningarhagfræði.....	11
321.6.0.ALTS Alþjóðleg tækifæri í skapandi greinum	12
321.6.0.MOST Menning og stjórnun	13
321.6.0.AGVS Áætlanagerð og verkefnastjórnun.....	14
321.6.0.MEMA Menning, markaður, miðlun.....	15
321.6.0.HÚJA Húmor og jafnrétti í stjórnun.....	16
321.6.0.SRFS Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur.....	18
320.6.0.SMEN Stefnumótun og hlutverk menningarfyrirtækja.....	19
321.6.0.FJFM Fjármálastjórnun fyrir menningarstjórnun	20
321.6.0.ADFF Aðferðafræði.....	11
321.6.0.MEST Menningarstefna	13
320.6.0.LISA Listir og Samfélag.....	14
320.X.0.MARG MA ritgerð.....	15
321.6.0.MENN Menningarfræði samtímans	16
Verkefni í menningarstjórnun (MCM)	17

1. *Almennt um meistaranám í menningarstjórnun*

Meistaranám í menningarstjórnun í félagsvísinda- og lagadeild er 90 ECTS nám og skipulagt yfir þrjár annir. Menningarstjórnunarnámið býr nemendur undir viðamikil og oft vandasöm störf á sviði menningar og menntunar. Bifröst er eini háskólinn hér á landi sem býður upp á þessa samsetningu náms og þegar hefur sýnt sig að nemendur sem útskrifast hafa með meistaraþáttu í menningarstjórnun frá Bifröst eru eftirsóttir starfskraftar og samstarfsmenn á sviði menningar. Frá og með hausti 2016 hefur nemendum verið boðið uppá að taka sérstaka línu í tengslum við nýsköpun og frumkvöðlastarf innan menningargeirans.

Viðhorf til skapandi og menningartengdra atvinnugreina hafa gerbreyst á undanförunum árum. Menning og menntun eru meðal helstu sviða vaxtar og nýsköpunar í nútímasamfélagi, en ekki lúxus sem þjóðfélög geta kosið að veita sér. Þetta eykur kröfur til þeirra sem vilja hasla sér völl á sviði menningar. Markmið menningarstjórnunarnámsins er að veita nemendum þann grunn og þjálfun í stefnumótun, stjórnun og rekstri sem nauðsynlegur er í menningarumhverfi samtímans. Bifröst hefur boðið upp á nám í menningarstjórnun síðan árið 2004 og er eini íslenski háskólinn sem býður uppá þessa námsgráðu. Námið hefur slípast með árunum og mótast í samræmi við íslenskt menningarumhverfi og þær áskoranir sem bíða nemenda eftir að námi lýkur. Þar sem námið byggir jafnt á fræðilegri og hagnýtri nálgun gefur það nemendum kost á að vinna með og þróa gagnrýna sýn á menningu og menningarpólitík, um leið og þeir öðlast hagnýta þjálfun sem lýtur að rekstri, stjórnun, skipulagningu, nýsköpun og frumkvöðlastarfi á sviði menningarmála.

Inntökuskilyrði í námið er grunngráða háskólanáms (t.d. BS, BA, Bed eða BFA) eða hafa menntun og reynslu sem telja má sambærilega við grunngráðu í háskóla.

Þeir sem ljúka námi í menningarstjórnun fá MA gráðu í menningarstjórnun sem jafngildir meistaraþrófi (þrep 2.2) samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011.

Nemendur sem ljúka viðbótarnámi á meistarastigi í menningarstjórnun með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf fá MCM gráðu sem jafngildir viðbótargráðu á meistarastigi (þrep 2.1) samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011.

Nám til MCM-gráðu felur ekki í sér 30 ECTS eininga lokaritgerð, heldur taka nemendur 12 ECTS eininga hagnýtt lokaverkefni. Einnig er mögulegt að sleppa 30 ECTS rannsóknarverkefni og ljúka í staðinn diplómaprófi á meistarastigi í menningarstjórnun til 60 ECTS eininga. Slík gráða flokkast jafnframt sem viðbótarnám á meistarastigi (stig 2.1) samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður 2011.

Frá og með hausti 2019: Nemendur sem sækja um og eru samþykktir inni meistaranám í menningarstjórnun innritast sjálfkrafa í MCM-nám í menningarstjórnun. Í lok fyrsta námsárs (að loknum 60 ECTS og þar er skilyrði að nemendur hafi lokið námskeiðunum Aðferðafræði og Menning og stjórnun með fullnægjandi hætti) geta nemendur sótt sérstaklega um að fá að ljúka MA-gráðu. Nemendur þurfa að geta sýna fram á færni til þess að takast á við 30 ECTS lokaverkefni og þurfa jafnframt að skila inn rannsóknaráætlun til samþykktar.

Í því skyni að stuðla að framþróun samfélagsins í átt að betra og auðugra umhverfi, mannúðlegu samfélagi og ábyrgri þátttöku, hefur skólinn gerst aðili að alþjóðlegu samstarfi um menntun ábyrgra stjórnenda (Principles of Responsible Management Education – PRME) sem Sameinuðu þjóðirnar veita forystu. Jafnframt miðar skólinn að því að efla hugsun um sjálfbærni sem tengist bæði námi og rannsóknum sem við skólann og mannlífi í háskólaþorpinu.

2. Kennslufræði

Í öllu námi á Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur geti annars vegar unnið sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna og hins vegar unnið í hópi samnemenda að rannsóknum og úrlausn stærri verkefna, kynnt þau og lagt í dóm kennara og samnemenda. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni.

Notaðar eru nútímakennsluaðferðir í skólanum, svo sem vendikennsla, sem gefur kennurum og nemendum aukið svigrúm til að staldra við flókin viðfangsefni, allt eftir þörfum nemenda hverju sinni. Lotubundið skipulag kennslunnar skapar aukin tækifæri til að fá fagaðila erlendis frá til að kenna hluta úr eða heilt námskeið við háskólann. Reynt er að sjá til þess að á milli stuttra lotna sé einnar viku lotuhlé.

Námið er byggt upp í kringum raunhæf og raunveruleg verkefni sem nemendur vinna bæði í hópum og sjálfstætt. Hlutverk leiðbeinenda/kennara er að auðvelda og hjálpa til við námið með leiðsögn og endurgjöf í tengslum við verkefnavinnuna á sama tíma og námsefnið er fléttað inn í starfið. Náms efni er jafnframt miðlað með gögnum og fyrirlestrum á vef og er markmiðið að nemendur geti nálgast efnið eftir því sem þeir þurfa á að því að halda.

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og fela í sér leiðir til að efla gagnrýna, sjálfstæða og lausnamiðaða hugsun. Um er að ræða virkt nám og virka kennslu sem byggir á þátttöku nemenda og kennara/leiðbeinenda í virku, gagnrýnu og skapandi ferli. Fagleg nálgun og skipulag náms einkennist af því að búa til vettvang til samvinnu í þekkingarsköpun, miðlun þekkingar, hugmynda og lausna. Nemendur fá tækifæri til að móta eigin hugmyndir og vinna raunverulega með þær í samvinnu við aðra nemendur, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök. Áhersla er lögð á að námið sé reynsluferli þar sem hver einstaklingur fær tækifæri til að vera virkur og skapandi en jafnframt er lögð mikil áhersla á vinnu í teymum og verkefnastjórnun.

Símat í formi verkefnavinnu er stór hluti kennslu í meistaranámi og er einkennandi fyrir Háskólann á Bifröst. Í markmiðasetningu og stefnu skólans má sjá áherslur sem fela m.a. í sér eftirfarandi þætti:

- Kennslufræðilega sérstöðu sem felst í virku hópastarfi, þar sem nemendur þurfa að temja sér öguð vinnubrögð og samskipti, jafnframt því að frumkvæði nemandans sem einstaklings er virkjað og ýtt er undir skapandi og gagnrýna hugsun.
- Þjálfun nemenda við kynningu á hugmyndum sínum og vinnu, miðlun reynslu sinnar og þekkingar og rökræður þar um.
- Tíð verkefnaskil og nána vinnu með kennurum og öðrum nemendum, sem veitir náminu hagnýtt gildi, til viðbótar við almennar kröfur um skilning og þekkingu á fræðasviðinu.
- Tengsl við atvinnulíf þar sem nemendur vinna að raunhæfum verkefnum í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir, auk möguleika á starfsnámi, þar sem nemendum er boðið upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda fyrirtækja og stofnana.

Að baki hverri ECTS einingu er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemenda. Vinna nemenda felst í tímasókn, undirbúningi, verkefnavinnu og þátttöku í námsmati. Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fylgir *Reglum um nám og kennslu* sem má finna í gæðahandbók skólans (sjá F110). Þar má líka finna prófareglur og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur. Gæðahandbókina er að finna undir þessari slóð <http://www.bifrost.is/islenska/um-haskolann/gaedamal/fylgiskjol/>

2.1. Námsmat

Námsmat er margþætt og styður við markmið námsins um öguð vinnubrögð og skapandi hugsun. Lögð er áhersla á sjálfsmat, umsagnir samstarfsaðila, jafningjamat og mat kennara og leiðbeinanda. Eftir atvikum eru einnig notaðar sérstakar matsskýrslur, próf og kynningar, en sérstök áhersla er lögð á að námsmatið feli í sér endurlit nemenda á eigin verkefni og reynslu. Þetta er gert í með dagbókaskrifum á mismunandi formi, möppu með eigin verkum nemenda og endurgjöf leiðbeinanda sem fylgir þróun nemenda í náminu. Námsmatið fer einnig fram með aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga og fólks úr atvinnulífi sem tengast vinnslu verkefna. Nemendur kynna og verja stærri verkefni í náminu og er sú vörn hluti af námsmati í formi munnlegs prófs og skýrslugerðar.

Lokaverkefnið er stærsta verkefni námsins og jafnframt útskriftarverkefni. Lokaverkefnið skal tengjast því sviði sem nemandi hefur áhuga á að sérhæfa sig á og við vinnslu lokaverkefnis er mikil áhersla lögð á vönduð vinnubrögð sem sýna tæk nemandans á sérsviði sínu og heildstæðan skilning á verkefnaskipulagi og framleiðsluferli. Undirbúningur fyrir lokaverkefni fer fram í gegnum allt námið en verkefnið er einstaklingsverkefni undir stjórn leiðbeinanda.

2.2. Vendingám

Öll kennsla við Háskólann á Bifröst fer fram í vendikennslu. Rafrænir fyrirlestrar og kennsluefni í hverju námskeiði er aðgengilegt nemendum á innri vef skólans og nemendur geta þannig skipulagt hvenær þeir hlusta á efni frá kennara eftir því hvað hentar hverju sinni. Lykilatriði er að hlusta á efni frá kennara áður en hafist er handa við verkefnavinnu. Skólinn leggur áherslu á að samhæfa efnið við margskonar búnað, þannig að nemendur geta t.d. hlustað á fyrirlestra í MP3 spílurum, horft á þá í spjaldtölvum, snjallsímum, far- eða borðtölvum allt eftir hentugleikum hvers og eins.

Í hverju námskeiði er gert ráð fyrir a.m.k. einum fundi nemenda ásamt kennara á Bifröst á vinnuhelgi. Vinnuhelgar eru mikilvægur þáttur í náminu á Bifröst. Þær eru notaðar til að miðla frekari fræðslu og þekkingu, verkefnavinnu og samskiptaþjálfunar. Nauðsynlegt er að nemendur hagi málum þannig að þeir geti mætt á vinnuhelgar og tekið fullan þátt í kynningum, gagnrýnni umræðu og öðru sem fram fer. Öll aðstaða og aðbúnaður fyrir nemendur er eins og best verður á kosið. Reynt er að koma til móts við nemendur sem eru búsettir erlendis með sérstökum tæknilausnum eða sérverkefnum.

Próf eru haldin á fjölmörgum stöðum víða um heim. Á Íslandi eru próf m.a. haldin á símenntunarmiðstöðvum víðsvegar um landið og erlendis geta nemendur tekið próf t.d. í sendiráðum, ræðismannsskrifstofum eða í háskólum. Um prófstaði erlendis er nauðsynlegt að hafa samráð við prófstjóra.

2.3. Starfsnám

Til að efla tengsl við atvinnulífið og við fyrirhugaðan starfsvettvang nemenda hefur Háskólinn á Bifröst byggt upp starfsnám í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Nemendur sem sýnt hafa fram á góðan námsárangur, frumkvæði og sjálfstæða hugsun geta sótt um að komast í starfsnám á námstímanum. Starfsnámið tekur yfirleitt fjórar vikur (160 klukkustundir) og er ígildi 6 ECTS. Sækja þarf sérstaklega um að fara í starfsnám.

2.4. Alþjóðlegt nám

Áhersla Bifrastar á alþjóðleg tengsl birtist í öflugum samstarfi við erlenda háskóla. Þetta kemur fram í faglegum og fræðilegum tengslum akademískra starfsmanna skólans við erlenda starfsfélaga og í samningum skólans við háskóla um allan heim um móttöku skiptinema. Nemendum í grunnnámi við Háskólann á Bifröst býðst að stunda nám í einum af samstarfsskólum Bifrastar erlendis. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinimum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á. Nokkuð er um að nemendur í meistaranámi fari í skiptinám í eina önn þótt það sé í minni mæli en í grunnnámi.

Alþjóðafulltrúi er nemendum til aðstoðar varðandi umsóknir um skiptinám, en nemendur bera ábyrgð á eigin námsframvindu. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinimum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á.

Háskólinn er aðili að Erasmus-samstarfi evrópskra háskóla og er einnig með marga tvíhliða samninga við valda háskóla utan Evrópu. Bifröst tekur þátt í *University of the Arctic* (UArctic) sem er samstarf nokkurra háskóla í Kanada, Bandaríkjunum, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Auk þess sem Bifröst tekur þátt í *north2north* skiptinemasamstarfi á vegum UArctic.

3. Lærdómsviðmið: meistaranám í menningarstjórnun

Lærdómsviðmið námslínu eru samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006 Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

3.1. Þekking

Við útskrift búa nemendur yfir þekkingu á helstu viðfangsefnum menningarstjórnunar og þeim aðferðum og kenningum sem einkenna fræðigreininna. Í því felst að nemandi:

- Hafi þekkingu á eðli menningarstofnana og samspili þeirra við stjórnmal og atvinnulíf.
- Þekki til helstu kenninga á sviði menningarfræði og hugmyndasögu og geti sett nýjustu þekkingu í samhengi á fræðasviðummenningarstjórnunar.
- Hafi dýpkað og aukið þekkingu sína á þáttum er varða rekstur menningarstofnanna, félagslegt umhverfi þeirra, skatta- og lagaumhverfi og menningarstefnu þeirra.
- Þekki til helstu rannsóknaraðferða á sviði hug- og félagsvísinda.

3.2. Leikni

Útskrifaðir nemendur geta beitt þeim aðferðum og vinnubrögðum félags- og hugvísinda sem við á við greiningu og gagnaöflun á þeim sérsviðum sem snúa að menningarstjórnun. Í þessu felst að nemandi:

- Hafi tileinkað sér helstu kenningar á sviði menningarfræði og hugmyndasögu og sé fær um að beita þeim við greiningu í fræðilegu samhengi sem og í daglegum störfum að menningarmálum.
- Skilji og geti unnið með upplýsingar sem varða fjárhagslegt og lagalegt umhverfi menningarstofnanna
- Geti kynnt hugmyndir og miðlað þeim á skýranhátt.
- Geti nýtt þekkingu sína á sviði menningarstjórnunar til að takast á við flókin viðfangsefni innan menningargeirans.
- Geti aflað upplýsinga, metið gæði ganga og unnið með flóknar upplýsingar á þeim fræðasviðum sem tengjastmenningarstjórnun.
- Geti beitt rannsóknaraðferðum hug- og félagsvísinda og framkvæmt smærri rannsóknarverkefni á sviðimenningarstjórnunar.
- Sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra á þeim fræðasiðum sem helst snerta menningarstjórnun.

3.3. Hæfni

Nemendur sem ljúka prófi í menningarstjórnun eru færir um að hagnýta þekkingu sína við ólíkar aðstæður og skilyrði. Þeir búa yfir faglegri þekkingu sem gerir þeim kleift að halda áfram námi á doktorsstigi og til að takast á við fjölbreytt verkefni í atvinnulífi. Í því felst að nemandi:

- Hefur haldgóðan grunn í menningarfræði sem nýtist við áframhaldandi nám sem og við störf sem krefjast fagþekkingar á sviðimenningarmála.
- Hefur hæfni til að stýra menningarverkefnum og sjá um rekstur menningarstofnanna.
- Getur tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær.
- Geti sett sig inn í og útskýrt flókin úrlausnarefni á sviði menningarstjórnunar fyrir sérfræðihópi og fyrir almenningi.

4. Skipulag náms og námsframvinda

4.1. Skipulag náms

Meistaránám í menningarstjórnun samsvarar 90 ECTS á meistarastigi. Í náminu er lögð áhersla á fræðileg vinnubrögð, skilning, rannsóknarhæfni og hæfni nemenda til að vinna raunhæf verkefni á sviði menningarstjórnunar. Markmið námsins er að gera nemendur hæfa til að taka að sér fjölbreytt og krefjandi störf á sviði menningar og menntunar.

Kennsla fer fram í fjarnámi og er skipulagt í lotum. Á hverri önn eru tvær lotur og dreifast námskeið jafnt á milli lota. Hver lota er 7 vikur, þar sem kennt er í 6 vikur og námsmatið er í þeirri sjöundu. Þó eru nokkur námskeið, eðlis þeirra vegna, kennd í löngum lotum, þ.e. 13 vikur; 12 vikur í kennslu og ein vika í námsmat. Með þessu fyrirkomulagi er auðveldara fyrir nemendur að einbeita sér að þeim námskeiðum sem þeir taka hverju sinni og álag á þá verður jafnara yfir önnina.

Hægt er að hefja nám hvort heldur á haust- eða vorönn, en undirstöðunámskeið eru jafnan kennd að hausti.

Venjuleg framvinda náms til MA-gráðu felur því í sér að nemandi ljúki fimm námskeiðum (30 ECTS) á haustönn, fimm námskeiðum (30 ECTS) á vorönn og vinni lokaverkefni til meistaraprófs (30 ECTS) á haustönn næsta skólaárs.

Námsframvinda til MCM-gráðu felur í sér að nemandi ljúki fimm námskeiðum (30 ECTS) á haustönn, fimm námskeiðum (30 ECTS) á vorönn og þremur námskeiðum (18 ECTS) og 12 ECTS eininga hagnýtu lokaverkefni á haustönn næsta skólaárs.

Nemandi í fullu námi lýkur því á þremur önnum. Möguleiki er einnig fyrir hendi að útskrifast með 120 ECTS meistaragráðu í menningarstjórnun með því að skrifa 60 eininga ritgerð.

Í sérstökum tilfellum einnig hægt að sækja um að taka sem samsvarar 30 einingum í ólaunuðu starfsnámi til viðbótar við hinar hefðbundnu 90 einingar.

Frá og með hausti 2019: Nemendur sem sækja um og eru samþykktir inni meistaránám í menningarstjórnun innritast sjálfkrafa í MCM-nám í menningarstjórnun. Í lok fyrsta námsárs (að loknum 60 ECTS og þar er skilyrði að nemendur hafi lokið námskeiðunum Aðferðafræði og Menning og stjórnun með fullnægjandi hætti) geta nemendur sótt sérstaklega um að fá að ljúka MA-gráðu. Nemendur þurfa að geta sýna fram á færni til þess að takast á við 30 ECTS lokaverkefni og þurfa jafnframt að skila inn rannsóknaráætlun til samþykktar.

4.2. Námsframvinda í MA í menningarstjórnun – yfirlitstöflur

Námsferill – MA í menningarstjórnun								
Haut 1. ár	ECTS	Lota	Vor 1. ár	ECTS	Lota	Haut 2. ár	ECTS	Lota
Menningarhagfræði*	6	1	Val: Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur EÐA Stefnumótun og hlutverk menningarfyrtækja **	6	1	MA-ritgerð*	30	Löng
Alþjóðleg tækifæri í skapandi greinum*	6	1	Fjármálastjórnun fyrir menningarstjórnun*	6	1			
Menning og stjórnun*	6	Löng	Aðferðafræði*	6	Löng			
Áætlanagerð og verkefnastjórnun*	6	2	Menningarstefna*	6	2			
Val: Menning, markaður, miðlun EÐA Húmor og jafnrétti í stjórnun **	6	2	Menningarfræði samtímans*	6	2			
	30			30			30	

* Skyldunámskeið

** Námskeið – bundið val

4.3. Námsframvinda í MCM í menningarstjórnun

Námsferill – MCM í menningarstjórnun								
Haut 1. ár	ECTS	Lota	Vor 1. ár	ECTS	Lota	Haut 2. ár	ECTS	Lota
Menningarhagfræði*	6	1	Val: Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur EÐA Stefnumótun og hlutverk menningarfyrtækja	6	1	Stjórnunarnámskeið I**	6	
Alþjóðleg tækifæri í skapandi greinum*	6	1	Fjármálastjórnun fyrir menningarstjórnun*	6	1	Stjórnunarnámskeið II*	6	
Menning og stjórnun*	6	Löng	Aðferðafræði*	6	Löng	Lokaverkefni í MCM*	12	Löng
Áætlanagerð og verkefnastjórnun*	6	2	Menningarstefna*	6	2	Húmor og jafnrétti í stjórnun*	6	2
Menning, markaður, miðlun*	6	2	Menningarfræði samtímans*	6	2	Listir og samfélag (val)	6	2
	30			30			30	

* Skyldunámskeið

** Nemendur geta valið um stjórnunarnámskeið úr meistaranámi í viðskiptadeild sem eru í boði hverju sinni, hvort sem er í lotu 1, lotu 2 eða langri lotu.

5. Námskeiðslýsingar

321.6.0.MHAG Menningarhagfræði

ECTS: 6

Önn: Haust, stutt lota

Kennari: Kristín Atladóttir

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Í námskeiðinu er fjallað um hagræna þætti menningar, framboð, eftirspurn, verðmyndun, framleiðslu, markaðsmál, alþjóðleg umsvif og alþjóðlega verslun. Einnig er rætt um grunnatriði þjóðhagsreikninga, hagvaxtar og fjármálakerfisins í tengslum við menningu. Fjallað er um verðmætasköpun og virði innan menningar. Rætt er um sköpun og hagrænt gildi hennar og skapandi atvinnuvegi. Fjallað er um menningariðnað, menningarlega arfleið, fjármagn menningar, sjálfbærni, byggðamál, þróun og fjölbreytni. Rætt er m.a. um tónlistariðnað, kvikmyndaiðnað og menningartengda ferðaþjónustu. Nemendur fá yfirsýn yfir helstu þætti í menningarhagfræði, m.a. með innlendum og erlendum dæmum úr menningargeiranum.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur:

- Að kunna skil á grunnþáttum hagfræði og menningarhagfræði.
- Að hafa aukið skilning sinn á eðli menningarstofnana.
- Að hafa dýpkað og aukið þekkingu sína á þáttum er varða rekstur menningarstofnana.
- Að geta greint þætti rekstrar og áætlanagerðar í tengslum við menningarmál.
- Að vera vel hæfir til að stýra og reka menningarverkefni/stofnanir

Hæfni

Eftir námskeiðið eiga nemendur:

- Að vera færir um að beita kenningum í menningarhagfræði í fræðilegu samhengi og í daglegu starfi að menningarmálum.
- Að geta unnið með upplýsingar sem varða fjárhagslegt umhverfi menningarstofnana.
- Að hafa hæfni til að leiða og þróa verkefni í umhverfi menningarstarfs
- Að hafa hæfni til að rannsaka og greina á vísindalegan hátt verkefni innan menningarhagfræði.

321.6.0.ALTS Alþjóðleg tækifæri í skapandi greinum

ECTS: 6

Önn: Haust 2, stutt lota

Kennari: Anna Hildur Hildibrandsdóttir

Námslína: MA (val) / MCM (skylda) í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Megin tilgangur er að kynna nemendum breytingar og tækifæri í alþjóðlegu umhverfi skapandi greina og helstu áskoranir samtímans. Gefin er gaumur að straumum og stefnum í eftirspurn á ólíkum mörkuðum, dreifingu efnis, hugverkaframleiðslu og samruna listgreina. Einnig er farið í helstu atriði sem snúa að því að koma nýsköpunarverkefnum af stað, bæði hvað varðar stjórnunarlega þætti, stefnumótun og fjármögnun. Sérstök áhersla er lögð á nýsköpun innan skapandi greina og farið er sérstaklega í gerð viðskiptaáætlana og fýsileikakannana í frumkvöðlastarfi innan menningargeirans.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Dekking

- Að kunna skil á breytingum í alþjóðlegu umhverfi skapandi greina, áskorunum og mögulegum tækifærum til þróunar
- Að hafa aukið skilning sinn eðli nýsköpunar innan skapandi greina
- Að geta greint helstu þætti rekstrar og áætlanagerðar í tengslum við nýsköpunarverkefni

Hæfni

- Að vera færir um að skipuleggja verkefni í nýsköpun innan skapandi greina
- Að geta nýtt fræðilegan grunn til þess að geta unnið að undirbúningi og framkvæmd nýsköpunarverkefna
- Að hafa hæfni til að þróa hugmyndir að nýsköpunarverkefnum innan skapandi greina og staðið að áætlanagerð og fýsileikakönnun er slík verkefni varðar.

321.6.0.MOST Menning og stjórnun

ECTS: 6

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Kennari: Dr. Njörður Sigurjónsson, dósent

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið

Farið verður í frumatriði menningarstjórnunar svo sem hugmyndafræði menningarstofnana og stefnumörkun, menningarlegar og rekstrarlegar forsendur verkefna, markaðssetningu og hugmyndavinnu. Helstu atriði stjórnunarfræða verða rædd og skipulag fyrirtækja sett í samhengi við forsendur þeirra. Þá verður fjallað um rannsóknavinnu í menningarstjórnun og nemendum hjálpað af stað við að undirbúa og leggja drög að M.A. ritgerð.

Hæfniviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Útskýrt forsendur menningarstjórnunar
- Rætt helstu atriði í skipulagi fyrirtækja, stefnumörkun og vandamál þeim tengd
- Rökstutt menningarstjórnunarlegar forsendur verkefna og samhengi markaðar, hugmyndafræði og hlutaðeigenda
- Lagt drög að rannsóknaráætlun fyrir MA ritgerð

321.6.0.AGVS Áætlanagerð og verkefnastjórnun

ECTS: 6

Önn: Haust, stutt lota

Kennari: Dr. Njörður Sigurjónsson, lektor

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Nemendur skulu hafa lokið námskeiðinu Menning og stjórnun

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið:

Nemendur kynna sér og hljóta þjálfun í undirstöðum í aðferðafræði verkefnastjórnunar við markmiðslýsingu, skipulag og áætlanir vegna menningartengdra verkefna. Kynnt staða verkefnastjórnunar hér á landi, bæði innan menningarstofnana og í ýmsum sjálfstæðum verkefnum. Mikið er lagt upp úr því að nemendur heimfæri sjálfir efni námskeiðsins upp á þann veruleika sem þeir hafa reynslu af.

Hæfniviðmið

Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Útskýrt forsendur verkefnastjórnunar svo sem um markmið, mörk og árangur
- Útskýrt mismunandi tegundir menningartengdra verkefna og stofnana
- Rætt helstu atriði í skipulagi verkefna og vandamál þeim tengd
- Rökstutt forsendur viðskiptaáætlana út frá markmiðum og samhengi markaðar og þarfa hlutaðeigenda
- Greint ytra og innra samhengi verkefna
- Skrifað viðskiptaáætlun
- Útskýrt og rökstutt val á ólíkum leiðum við skipulag verkefna

321.6.0.MEMA Menning, markaður, miðlun

ECTS: 6

Önn: Haust, stutt lota

Kennari: Vilborg Soffía Karlsdóttir

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið:

Í námskeiðinu er farið í grunnatriði markaðsfræði og fjallað um menntun og menningu í samhengi markaðar. Þá er fjallað um þátt miðlunar í menningarstjórnun frá fræðilegu og hagnýtu sjónarhorni.

Hæfniviðmið

- Gert grein fyrir helstu markaðsfræðilegu hugtökum í sambandi við tengsl lista og menningar við umhverfi sitt
- Beitt mismunandi aðferðum við að koma listum á framfæri
- Sett upp markaðsáætlun og gert grein fyrir helstu þáttum hennar
- Kunna skil á mikilvægi rannsókna fyrir markaðsstarf menningarstofnana.

321.6.0.HÚJA Húmor og jafnrétti í stjórnun

ECTS: 6

Kennarar: Sigrún Lilja Einarsdóttir og Edda Björgvinsdóttir

Námsbraut: MA / MCM í menningarstjórnun

Önn: Haustönn, lota 2

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Námsfni á ensku og íslensku, kennsla á íslensku

Innihald og markmið

Námskeiðið hefur tvo sjálfstæða en þó tengda meginþræði:

Fyrri þráður þessa námskeiðs lýtur að tjáningu, samskiptum, húmor og hamingju á vinnustöðum og hvernig hægt sé að auka hamingju með því að beita húmor og öðrum styrkleikum í mannlegum samskiptum innan vinnustaða og hver sé ávinningurinn. Nemendur læra að nýta tækni leikarans til að hafa betri stjórn á eigin tjáningartækjum, líkama, rödd etc. og þjálfa með því sjálfstjórn og valdeflingu og það að senda skýr skilaboð. Farið verður í rannsóknir og fræðilegan bakgrunn á húmor í stjórnun og aukinni hamingju á vinnustöðum, gildi hennar og áhrifum á almenna líðan fólks, í því skyni að auka vinnuafköst, draga úr streitu og kulnun í starfi, minnka starfsmannaveflu og stuðla að auknu heilbrigði svo eitthvað sé nefnt. Fjallað verður sérstaklega um kenningar jákvæðu sálfræðinnar og það hvernig stjórnendur geti þjálfað upp hæfni til að skapa betra andrúmsloft á vinnustöðum og stuðlað að aukinni jákvæðni og andlegri og líkamlegri vellíðan starfsfólks. Nemendur öðlast þjálfun í notkun styrkleikakorta á vinnuhelginni fleiri verkfæra jákvæðu sálfræðinnar. Notast verður við lesefni og bent á aðferðir til að innleiða hin ýmsu tæki og tól til að styrkja sambönd og bæta samskipti á vinnustöðum. Fjölmargir leiðtogar hafa náð góðum árangri í notkun á húmor í stjórnun og mikil vakning er í dag um mikilvægi þess að stuðlað að aukinni lífshamingju og vellíðan á vinnustöðum.

Seinni þráðurinn fjallar um jafnrétti í stjórnun og fyrirtækjamenningu á vinnustöðum en megináhersla verður lögð á jafnrétti kynjanna. Rætt verður um stöðu kynjanna í stjórnun, bæði á Íslandi og einnig á alþjóðavísu og reifaðar ýmsar staðreyndir um áhrif jafnréttis á gengi fyrirtækja, efnahag og almenna hagsæld þjóða. Nemendur lesa nokkrar nýlegar rannsóknir á sviði fyrirtækjamenningar, sem beina sjónum sínum meðal annars að því hvort kyn skipti máli þegar kemur að afstöðu fólks til stjórnenda almennt og hvernig jafnvægi milli vinnu og einkalífs sé háttáð. Jafnframt verða lesnar rannsóknir er fjalla um þær hindranir sem konur mæta oft þegar metorðastiginn er klifinn og hvaða áhrif fyrirbæri eins og glerþakið, vöfundarhúsið, glerbrúnina, kynbundið og kynferðislegt áreitni og ofbeldi geta haft á framavonir kvenna. Jafnréttislög, jafnlaunavottun og kynjakvótar verða jafnframt rædd í samhengi við stöðu kynjanna á vinnumarkaði og áhrif karllægrar menningar á sjálfstraust og framgang kvenna í starfi.

Hæfniviðmið

Þekking

Nemendur

- fá innsýn í stöðu kynjajafnréttis innan vinnustaða, bæði á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi og áttað sig á samhengi milli hagsældar og aukins kynjajafnréttis í nútímasamfélagi
- dýpka fræðilega þekkingu sína á þáttum er varða jafnrétti innan vinnustaða og áhrifa þess á fyrirtækjamenningu og framgang kvenna í starfi
- þekkja helstu hugtökum er varða hindranir þær sem konur þurfa að kljást við á vinnustað

- þekki til grundvallaratriða fræðilegs bakgrunns og rannsókna er varða húnur og hamingju í stjórnun
- þekki til grundvallaratriða er varða notkun styrkleikakortsins og innsýn í tækni leikarans hvað varðar valdeflingu

Leikni

Nemendur

- hafi tileinkað sér helstu kenningar og hugtök á sviði jafnréttis í stjórnun og geti beitt þeim í fræðilegu samhengi
- hafi skilning á stöðu jafnréttis á vinnumarkaði og geti beitt þeim upplýsingum sem þau afla sér í þessu námskeiði
- geti nýtt þekkingu sína til að takast á við viðfangsefni á sínum vinnustað með það í huga að stuðla að auknu jafnrétti í sínu vinnuumhverfi
- séu læsir á rannsóknir á sviði jafnréttis og húnurs í stjórnun
- Öðlist leikni til að nota styrkleikakortin og hugmyndafræði um valdeflingu leikarans í sínum störfum

Hæfni

Nemendur

- Búi yfir hæfni til að takast á við úrlausnarefni er snúa að auknu jafnrétti inná vinnustað og í samfélaginu
- Séu meðvitaðir um stöðu jafnréttis í samfélaginu og séu færir til að sýna frumkvæði að því að takast á við vandamál er snúa að ójafnrétti og erfiðri fyrirtækja- og stofnanamenningu á eigin vinnustað
- Getu nýtt sér verkfæri þau sem kennd eru í námskeiðinu varðandi styrkleika og valdeflingu og færi þau sér í nyt í námi og starfi

321.6.0.SRFS Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur

ECTS: 6

Önn: Vor, stutt lota

Kennari: Ari Karlsson

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið:

Fjallað er um reglur stjórnsýsluréttar og skyldra greina, sérstök áhersla á þætti sem snúa að starfsemi innan sveitarfélaga. Farið er yfir almennar reglur stjórnsýsluréttar, bæði ólögfestar reglur og ákvæði stjórnsýslulaga. Rætt um hvernig ákvarðanir teljist stjórnvaldsákvarðanir og hvaða þýðingu það hafi að greina á milli slíkra og annarra ákvarðana sem stjórnendur taka í daglegum störfum. Skoðuð verða dæmi og dómur sem veita innsýn í beitingu reglna við raunverulegar aðstæður. Þá er fjallað um meðferð og vinnslu upplýsinga og starfsaðferðir sem gerðar eru kröfur um að stjórnendur virði samkvæmt upplýsingalögum og lögum um persónuvernd. Loks er fjallað um starfsmannarétt innan sveitarfélaga og dómaframkvæmd á því sviði. Þá er fjallað um almennt eftirlit með starfsemi sveitarfélaga og ráðuneyta og rætt um hlutverk umboðsmanns Alþingis.

Hæfniviðmið

- Hafa öðlast grundvallarþekkingu á sviði stjórnsýsluréttar og skyldum réttarsviðum og hagnýtt sér þá þekkingu í starfi, bæði með því að hafa öðlast meira öryggi við ákvarðanatöku og skipulag verkferla þar sem reynir á stjórnsýslureglur og geta metið hvenær mál eru þess eðlis að kalla þarf eftir sérfræðiþekkingu lögfræðinga á því sviði.
- Þekkja til reglna sem gilda um meðferð persónuupplýsinga og almennar reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda.
- Hafa góða yfirsýn yfir kröfur sem reglur opinbers starfsmannaréttar gerir til atvinnurekenda við stjórnun starfsmannahalds einkum hvað varðar ráðningar og beitingu stjórnunarvaldsákvarðana.

320.6.0.SMEN Stefnumótun og hlutverk menningarfyrirtækja

ECTS: 6

Önn: Vor, stutt lota

Kennari: Njörður Sigurjónsson, dósent

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku, námsefni á ensku og íslensku.

Innihald og markmið:

Nemendur kynnast helstu kenningum um stefnumótun og stjórnun menningarstofnana og þjálfast í beitingu greiningartækja. Fjallað verður um áhrif stefnu á skipulag stofnana, tengsl þeirra við samfélag, stjórnsmál, samskipti innan stofnana og mismunandi birtingarmyndir stofnanabundins valds. Þá verður samband veruleika og kenninga skoðað með tilliti til ytri marka stofnana, tíma, stefnumörkunar, árangurs, þekkingar, samræðna og átaka. Hvers vegna eru stofnanir eins og þær eru? Hvernig fer innleiðing fram og hvað eru árangursmælikvarðar? Hvers vegna eru stefnur svona mismunandi og hvers vegna eru þær svona líkar? Hvers vegna heyrum við svo ólíka hluti þegar talað er um stefnu?

Hæfniviðmið

- Leitt stefnumótunarferli og skilið forsendurþess
- Útskýrt ýmsar forsendur stefnumótunarfræða og tengda gagnrýni
- Rætt helstu atriði í skipulagi fyrirtækja og stjórnun út frá hugmyndum um vald, þekkingu, fegurð og hagkvæmni
- Fjallað á gagnrýnin hátt um helstu hugtök stjórnunarfræða
- Slegið um sig með flóknum hugtökum á mikilvægum fundum
- Greint samhengi stofnanabundins valds eins og það birtist meðal annars í hæfniviðmiðum háskóla.

321.6.0.FJFM Fjármálastjórnun fyrir menningarstjórnun

ECTS: 6

Önn: Vor, stutt lota

Kennari: Einar S. Valdimarsson

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Kennsla fer fram á íslensku

Innihald og markmið:

Yfirlit um fjárhagsbókhald þar sem lögð er áhersla á bæði fræðilega þáttinn sem og lagalega. Nemendur munu kynna lykilatriðum reikningsskilafræðanna eins og hvað eru tekjur, gjöld, eignir og skuldir. Hlutverk endurskoðenda er kynnt. Farið er yfir virðisaukaskatt og meðferð hans. Uppbygging á ársreikningi er skoðuð og hvernig þessi uppbygging myndar eina heild, þ.e. áritun endurskoðenda, efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, sjóðstreymi, skýringar og skýrsla stjórnar. Hlutverk fjármálastjóra er skoðað.

Mikil áhersla er lögð á áætlanagerð og nemendur gera rekstraráætlun, greiðsluáætlun og hvernig samanburður við bókhald fer fram. Farið er í innra eftirlit fyrirtækja

Hæfniviðmið

- Geta gert grein fyrir mikilvægi ársreikninga fyrir eigendur fyrirtækja og aðra hlutaðeigandi Skilja uppbyggingu ársreikninga og geta stillt upp einföldum ársreikningi
- Þekkja og geta gert grein fyrir helstu reglum varðandi virðisaukaskatt
- Geta gert rekstraráætlun og greiðsluáætlun og stillt upp efnahagsreikningi í framhaldi Geta framkvæmt sjálfstætt mat á ársreikningi
- Geta skilgreint störf á vinnustað m.t.t. innra eftirlits.

321.6.0.ADFP Aðferðafræði

ECTS: 6

Önn Vor – stutt lota

Kennari: Þóra Þorgeirsdóttir

Námslína: MA/MCM í menningarstjórnun, MS/MIB í alþjóðaviðskipti, MS/MLM í Forysta og stjórnun (skyldunámskeið í MA, MS. Valnámskeið í öðrum námslínunum meistaranáms).

Forkröfur: Nemendur í MA/MCM skulu hafa lokið námskeiðinu Menning og stjórnun

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið:

Kynnt eru helstu hugtök og vinnulag í rannsóknum Útgangspunktur námskeiðsins er að búa nemendur undir skrif meistaraverkefna. Farið er í ýmsar hefðir í rannsóknum í félagsvísindum, mótun og framsetningu rannsóknarspurninga og -markmiða, tilgátu- og kenningasmíð, gerð rannsóknaráætlunar og uppsetningu meistaraverkefna, eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir, spurningagerð, úrvinnslu gagna, framsetningu niðurstaðna og réttmæti, áreiðanleika, gegnsæi og siðferði rannsókna.

Nemendur þjálfast í undirbúningi rannsóknar, val á aðferð og framkvæmd rannsóknar, þar sem nemendur fá þjálfun í gagnaöflun eigindlegra gagna, s.s. viðtöl, þátttökuathugun og greiningu á texta. Að sama skapi fá nemendur þjálfun í að setja upp veflægar spurningakannanir. Verkefnavinna námskeiðsins að nýtast nemendum við skrif meistaraverkefna og annarra stærri verkefna.

Hæfniviðmið

Þekking

- kunna skil á helstu hugtökum í aðferðafræði
- átta sig á meginhefðum í rannsóknum félagsvísinda
- þekkja helstu rannsóknaraðferðir, bæði eigindlegar og meginlegar
- gera sér grein fyrir takmörkunum rannsóknaraðferða, svo og kostum þeirra og göllum, réttmæti og áreiðanleika
- Vera meðvituð um siðferðileg álitaeftni í rannsóknum

Færni

- nýtt verkefni námskeiðsins til áframhaldandi vinnu við ritun meistaraverkefnis og öðlast aukna færni í fræðilegum vinnubrögðum
- mótað rannsóknarspurningar og rannsóknarmarkmið og afmarkað rannsóknarverkefni
- hannað rannsókn út frá markmiðum og spurningum, valið viðeigandi rannsóknaraðferðir og spurt spurninga í samræmi við markmið verkefnis

- skipulagt rannsóknarverkefni (meistaraverkefnisskrif) með því að gera rannsóknaráætlun
- aflað gagna, einkum eigindlegra gagna og hafa hlotið þjálfun í notkun þeirra í námskeiðinu
- greint þau rannsóknargögn sem þau hafa aflað og sett niðurstöður þeirra fram á skýran og viðeigandi hátt
- áttað sig á réttmæti og áreiðanleika eigin rannsókna
- gert „áhættumat“ hvað varðar siðferðileg álitaefni og trúnað við þátttakendur rannsókna og geta lagt mat á hvort framsetning gagna brjóti í bága við siðferðileg álitaefni eður ei
- ályktað út frá eigin niðurstöðum á gagnrýnin hátt og varast að draga of sterkar ályktanir út frá fyrirliggjandi gögnum

321.6.0.MEST Menningarstefna

ECTS: 6

Önn: Vor, stutt lota

Kennari: Njörður Sigurjónsson

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Íslenska

Innihald og markmið:

Fjallað verður um fræðilegan grundvöll stefnu og stefnumótunar í menningarmálum.

Opinber menningarstefna, tilurð hennar og beiting er einnig viðfangsefni námskeiðsins bæði í íslensku, norrænu, evrópsku og alþjóðlegu tilliti. Ennfremur verður stjórnun og rekstur listastofnana til umfjöllunar og er lögð áhersla á hagnýta nálgun með dæmum.

Hæfniviðmið

- Kunna skil á helstu þáttum stefnumótunar í menningarmálum
- Hafa yfirsýn yfir rekstrarhlið mismunandi listastofnana.

320.6.0.LISA Listir og Samfélag

ECTS: 6

Önn: Haust, stutt lota

Kennari: Sigrún Lilja Einarsdóttir

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið:

Í þessu námskeiði er fjallað um helstu listgreinar (einkum tónlist, myndlist og leiklist) á gagnrýninn hátt út frá sjónarhóli félagsvísinda en meginkastljósið beinist að hlutverki listgreina í nútímanum hvað varðar sköpun, neyslu og viðtökur. Þó svo að sjónum sé einkum beint að tónlist, myndlist og leiklist (þ.m.t. leikhús, kvikmyndir og sjónvarp) verður megináhersla lögð á hlutverk og stöðu tónlistar og tengsl tónlistar við aðrar listgreinar. Einkum verður sjónum nemenda beint að hinni „huldu listsköpun“ og menningarstarfsemi sem alla jafna er lítið sýnileg (og á þá helst við í hinum dreifðari byggðum).

Hæfniviðmið

- Kunna skil á meginhugtökum í félagsfræði listgreina
- Átta sig á samfélagslegu gildi og hlutverki listgreina í félagslegu samhengi
- Geta greint og tjáð sig um ýmis álitaeefni er varða stöðu listgreina í samfélaginu
- Hafa færni til þess að móta eigin rannsóknarverkefni á sviði félagsfræði listgreina.

320.X.0.MARG MA ritgerð

ECTS: 30

Önn: Lokaönn í meistaranámi – MA lokaverkefni

Námslína: MA í menningarstjórnun

Forkröfur: 30 ECTS

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð vinna með leiðbeinanda. Verkáætlun sett upp í samráði við leiðbeinanda.

Innihald og markmið:

Lokaverkefni er fræðileg ritgerð eða sambærilegt verkefni sem hver meistaranemi vinnur á eigin spýtur og skal fullnægja öllum kröfum sem almennt eru gerðar til lokaverkefna á þessu stigi háskólanáms. Með lokaverkefni sýnir meistaraneminn vald sitt á aðferðum, vinnubrögðum og kenningum á viðkomandi sviði, og leggur fram verk sem hefur sjálfstætt fræðilegt eða hagnýtt gildi fyrir greinina. Lokaverkefnið er mikilvægur hluti af þjálfun meistaranemans og ber hann sjálfur ábyrgð á öllum þáttum þess.

Hæfniviðmið

- Að geta beitt aðferðum og þekkingu sem nemandi hefur öðlast í náminu.
- Vinna undir nánu eftirliti leiðbeinanda.
- Öðlast þjálfun í greiningu og að setja fram lausnir sem hæfa viðfangsefninu.
- Að hafa getu til að meðhöndla kenningar og viðtekin viðhorf sjálfstætt og á gagnrýninn hátt.

Námsmat: Nemandi þarf að fá rannsóknaráætlun samþykkt áður en hann getur hafist handa. Lokaritgerð í meistaranámi skal fullbúin varin frammi fyrir leiðbeinanda og tveimur öðrum dómnefndarmönnum sem deildarforseti skipar. Lesefni: Í samráði við leiðbeinanda. Nánari upplýsingar um MA ritgerð er að finna í gæðahandbók skólans, fylgiskjali F230a.

321.6.0.MENN Menningarfræði samtímans

ECTS: 6

Önn: Vor I, stutt lota

Kennari: Sigrún Lilja Einarsdóttir og Volker Kirchberg

Námslína: MA / MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: Almennar kröfur um inngöngu í meistaranám

Tungumál: Fyrirlestrar á íslensku, námsefni á ensku og íslensku

Innihald og markmið

Þetta 7 vikna námskeið snýst um þrjú lykilhugtök og viðfangsefni í menningarfræði samtímans: Menningu, líkama og reynslu. Markmiðið er að kynna ný hugtök og aðferðir sem nýst geta við rannsóknir á viðfangsefnum í menningu samtímans. Þau kallast líka á við önnur námskeið í meistaranáminu, til þess að veita önnur sjónarhorn á menningu og menningarstarf. Tilgangur þessa námskeiðs er einnig að veita aðferðafræðilegan og kenningalegan stuðning við þróun og undirbúning meistara-ritgerðar og skerpa á gagnrýnni nálgun.

Hæfniviðmið

- Að þekkja og greina milli lykilhugtaka í menningarfræði samtímans.
- Að geta beitt gagnrýnum kenningum um menningu, menningarstofnanir og skapandi geirann við rannsóknir og samningu ritgerða.
- Að temja sér sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð við rannsóknir og undirbúning meistara-ritgerðar (einkum skilgreiningu hugtaka, söfnun heimilda, og framsetningu á niðurstöðum eigin rannsókna með vísun í heimildir).
- Að skrifa skýran og hnitmiðaðan texta um menningarfræðileg viðfangsefn

Verkefni í menningarstjórnun (MCM)

Önn: Lokaönn í meistaranámi – 12 ECTS

Námslína: MCM í menningarstjórnun

Forkröfur: 30 ECTS

Tungumál: Íslenska eða enska

Kennsluaðferðir: Sjálfstæð vinna með leiðbeinanda. Verkáætlun sett upp í samráði við leiðbeinanda.

Innihald og markmið

Verkefni í menningarstjórnun er hagnýtt verkefni sem er hluti af MCM-gráðu í menningarstjórnun með áherslu á nýsköpun og skapandi greinar. Verkefni þetta er sjálfstætt verkefni sem nemendur vinna á eigin spýtur. Eðli verkefnisins getur verið í ýmsu formi, t.d. sem menningarviðburður, viðskiptaáætlun, sýning eða önnur afurð sem tengist því verkefni sem nemendur hafa hug á að vinna að að námi loknu. Með þessu verkefni sýnir nemandi þekkingu og hæfni í þróun verkefnis, hugmyndavinnu, áætlanagerð og framkvæmd verkefnis sem hefur hagnýtt gildi fyrir menningargeirann. Verkefni þetta er mikilvægur hluti af þjálfun nemandans á sviði nýsköpunar innan skapandi greina og ber hann/hún sjálfur ábyrgð á framkvæmd verkefnisins.

Hæfniviðmið

- Að geta beitt aðferðum og þekkingu sem nemandi hefur öðlast í náminu.
- Vinna undir nánu eftirliti leiðbeinanda.
- Öðlast þjálfun í greiningu og að setja fram lausnir sem hæfa viðfangsefninu.
- Að hafa getu til að meðhöndla kenningar og viðtekin viðhorf sjálfstætt og á gagnrýninn hátt.

Námsmat: Nemandi þarf að fá verkáætlun samþykkt áður en hann getur hafist handa. Verkefnið fer í prófdæmingu hjá prófdómara en nemandinn er jafnframt skuldbundinn til þess að halda opna kynningu á verkefni sínu á vettvangi skólans.